

Hafnarfjarðarbær
Innk: 6/7 2016
Málsnr: 1607089
Bréfal: 278.0

Formaður fræðsluráðs Rósa Guðbjartsdóttir

Fræðslustjóri Fanney Halldórsdóttir

Strandgötu 6

220 Hafnarfirði



Efni: Varðandi 3.flokk í leikskólum

Til þess er málið varðar.

Hafnarfirði, 4.7.2016

Við ætlum að byrja á því að segja ykkur frá leikskólanum okkar. Leikskólinn Arnarberg er 90 barna leikskóli og hefur gott orð á sér fyrir læsisstefnu sína og vinnu með tvítyngdum börnum. Á Arnarbergi er jafnframt gott starf unnið með þeim börnum sem þurfa á stuðning að halda. Börn sem tilheyra 3.flokk hafa einnig fengið góðan stuðning, en sá flokkur á Arnarbergi stækkar með hverju árinu og samanstendur að mestu af tví- og fjöltyngdum börnum. En til þess að halda utan um allt þetta góða starf og til þess að vinna þessa vinnu þarf mannskap. Því ætlum við að fara út í smá tölfræði. Þessir útreikningar taka mið af leikskólanum í dag en eftir sumarfrí munu þó nokkur börn bætast í hópinn.

Á Arnarbergi eru 4 deildir. Krókur sem er yngsta deild og Reitur, Hamar og Klettur sem eru aldursblandaðar deildir.

Á Króki eru 11 börn og 3 af þeim eru ýmist tvítyngd eða eiga við einhverskonar málþroskaerfiðleika að stríða. Ef tekið er mið af þessum fjölda eru 27% af deildinni sem falla undir 3.flokk.

Á Reit eru 14 börn af 23 sem eru tví- eða fjöltyngd eða eiga við einhverskonar málþroskaerfiðleika/hegðunarvandamál að stríða. Þar fellur 61% af deildinni undir 3.flokk.

Á Hamri eru 8 börn af 22 sem eru tví- eða fjöltyngd eða eiga við einhverskonar málþroskaerfiðleika að stríða. Þar fellur 36% af deildinni undir 3.flokk.


Á Kletti eru 9 börn af 19 sem eru tví- eða fjöltyngd eða eiga við einhverskonar málþroskaerfiðleika að stríða. Þar fellur 47% af deildinni undir 3.flokk.

Þessir útreikningar eru gerðir út frá þeim barnafjölda sem er á Arnarbergi mánudaginn 4. júlí, að undanskildum elsta hóp. Í dag eru 75 börn á Arnarbergi (Fædd 2011-2015). En í haust verða 90 börn á leikskólanum og þar munu þó nokkur tví- og fjöltyngd börn bætast við.

Eins og staðan er í dag þá eru 45% barna á Arnarbergi sem falla undir 3. flokk.

Þessar tölur eru sláandi og sérstaklega í ljósi þess að leikskólinn fær engann auka stuðning fyrir þennan fjölda barna. Tvö börn fengu stuðning fyrir næsta skólaár og það var vegna annars konar mála. En það segir sig sjálft að svona gífurlegur fjöldi barna þarf aukna aðstoð. Það er með ólíkindum hversu margir einstaklingar falla undir 3. flokk á leikskólanum á meðan örfáir tilheyra þessum flokki á öðrum leikskólum bæjarins.

Það er ekki nóg að tekið er mið af barnafjölda á hverjum leikskóla fyrir sig þegar reiknað er út stuðningur fyrir 3. flokk. Auðvitað þarf að meta þetta á hverju skólaári fyrir sig og sjá hvar neyðin er mest. Því eins og sést út frá þessum útreikningum þá er þörf á frekari aðstoð þegar tæplega helmingur leikskólans fellur undir 3. flokk. Þegar svona mikill fjöldi barna þarf aukinn stuðning þá þarf að hafa svigrúm til að ráða starfsmenn til þessarar vinnu. Því viljum við biðja ykkur um að skoða þá stöðu sem leikskólinn er í og sjá hvort þið getið ekki aukið við stuðningstíma leikskólans.




Oddfríður Jónsdóttir leikskólastjóri



Svanhildur Þorgeirsdóttir

Deildarstjóri á Klett




Anna Björk Baldursdóttir

Deildarstjóri á Reit



Ragnheiður Gunnarsdóttir

Deildarstjóri á Hamri



Svanhvit Traustadóttir

Starfsmaður á Króki